

Vísnasafn

Hér fyrir neðan eru vísur sem ég hef safnað á undanförunum árum. Safnið er óskipulegt, enda var það ekki ætlað öðrum til lestrar. Þarna er að finna eitthvað af eigin skáldskap þótt því fari fjarri að ég hafi erfitt nokkuð af skáldskapargáfu afa míns, Þorsteins Erlingssonar.

Til skýringar ætla ég að greina fyrst frá nokkrum heimildarmönnum sem nefndir eru í safninu.

Erlingur = Erlingur Þorsteinsson læknir, móðurbróðir minn

Jói frændi = Jóhann Már Guðmundsson frá Núpstúni, frændi minn (þremmeningur í móðurætt)

Binni frændi = Brynjólfur Guðmundsson, bóndi í Núpstúni, bróðir Jóa

Gunnlaugur = Gunnlaugur Björnsson, samverkamaður minn á Raunvísindastofnun

Pálmi = Pálmi Ingólfsson, starfsmaður minn á Raunvísindastofnun

Þorgerður = Þorgerður Sigurgeirsdóttir, starfsmaður minn á Raunvísindastofnun

Stefán Friðbjarnarson = eiginmaður Þorgerðar

Trausti = Trausti Hjaltason, mágur minn

Páll Erlingsson, sundkennari, afabróðir minn

Jón Pálsson, sundkennari, sonur Páls Erlingssonar

Grímur = Grímur Jósafatsson, sundfélagi í Vesturbæjarlaug

Du ved ej hvor jeg længes
min elskede efter dig.
Jeg tror jeg vilde hænges
hvis du blev hængt med mig.

(Tómas Guðmundsson orti á menntaskólaárum)

Hér á landi hafinn nýr er siður
hrundar skæðin gömlu leggjast niður
herraföt og hnakkar eru þing.
Hefst nú vandi hal frá vífi að þekkja
hattur, frakki, buxur augað blekkja
síðast dugar aðeins áþreifing.

(Jóhannes á Skjögrastöðum)

Morgungolan svala svalar
syndugum hugsunum
Sínu máli talan talar
talan úr buxunum.

(Þura í garði, um tölu sem fannst í lystigarðinum á Akureyri)

Man ég okkar fyrri fund
forn þó ástin réni.
Nú er eins og hundur hund
hitti á tófugreni

(Skáld-Rósa)

Trega ég þig manna mest
mædd af táraflóði.
Ó, að við hefðum aldrei sést
elsku vinurinn góði.

(Skáld-Rósa)

Augun mín og augun þín
ó, þá fögru steina.
Mitt er þitt og þitt er mitt
þú veist hvað ég meina.

(Skáld-Rósa)

Þó að kali heitur hver
hylji dali jökull ber
steinar tali og allt hvað er
aldrei skal ég gleyma þér.

(Skáld-Rósa)

Slétta er bæði löng og ljót.
Leitun er að verri sveit.
Þeir sem á henni festa fót
fordæmingar byggja reit.

(Látra-Björg)

Margt er hér sem miður fer
og mætti helst ei ber' á
Veiga í Skógum ólétt er
eftir Jón á Þverá.

Vísunni skal verða breytt
Veigu ekkert sér á.
Átti sem sé aldrei neitt
undir Jóni á Þverá.

(Eftir séra Tryggva Kvaran, heldur Jói frændi.
En í tímaritinu Satt segir aðeins: Úr Þingeyjarsýslu.
Pálmi segir að Egill á Húsavík hafi ort þetta um
Sigurveigu Pálsdóttur, Skógum í Reykjahverfi.
Jón á Þverá var piparsveinn og Sigurveig einnig ógift.
Bæði voru komin af léttasta skeiði. Pálmi hefur þessa útgáfu:

Margt er það sem miður fer
og má því ekki ber' á

og

Vísunni skal verða breytt
Veigu enn ei sér á
því hún átti aldrei neitt
undir Jóni á Þverá

Hver er sá halur hærugrár
- heillin mín segðu ekki meir
drekkur í botn hvert titrandi tár
tilbiður guð sinn og deyr

(Egill á Húsavík orti um Jón á Laxamýri)

Frá Erlingi, óþekktur höfundur:

Hvað ertu heimur? Glingur og glys
grammófónmúsík og bifreiðaslys
og kvenfólk kjaftandi í síma.

Mín viðbót:

Ég held að ég færi ekki mikils á mis
þótt missti ég heyrnina öldungis
og sjónina í svólítinn tíma

Frá Erlingi:

Bölvaður sértu sem annarra bréf upp brýtur
bölvun yfir þig les og heyr
Í heiminum sértu haldinn skítur
til heljar far þá burtu deyr
Þar skal jafnan þín sóttug sál
Sjóða lýsi og skera kál

(Gísli Thorarensen)

Frá Grími:

Ég rækta mitt skegg í tæka tíð
því tennurnar vantar að framan
Það kemur sér vel í kulda og hríð
ef kjafturinn nær ekki saman

(Káinn)

Fyrir því sjaldan hef ég haft
heimsku minni að flíka
En þegar aðrir þenja kjaft
þá vil ég tala líka

(Káinn)

Kýrassa tók ég trú
traust hefur reynst mér sú
Í flórnum því fæ ég að standa
fyrir náð heilags anda

(Káinn)

(Til Baldvins L. Baldvinssonar, síðar ritstjóra og fylkisritara í Manitoba. Þeir Baldvin og Káinn höfðu sem drengir verið að leik á Akureyri, að fleygja steinum í grútarbræðslupott. Á endanum brutu þeir eyra af pottinum. Baldvin hafði þá borið skít í sárið til að það liti út fyrir að vera gamalt. Vísuna yrkir Káinn til Baldvins þegar Baldvin varð sjötugur. Var hún endir á ljóðabréfi):

Blaðið þrýtur, Baldi minn
burtu flýtur árið;
ef þú brýtur boðorðin
berðu skít í sárið

(Káinn)

Grímur hafði þetta eftir Séra Sigurði Norland:

She is fine as morn in May
mild, divine and clever
like a shining summerday
she is mine forever

Now the lay is at the ending
and the day so clear and blue
goes away my good amending
girl, I stay the night with you

Whereso'er I am to go
all despair away I throw
glad to share the weal and woe
with the fairest girl I know

Trausti kunni þessa:

Brennivín er besti matur
bragðið góða svíkur eigi
eins og hundur fell ég flatur
fyrir því á hverjum degi

(Stefán Friðbjarnarson segir að
hún sé eftir Harald Hjálmarsson frá Kambi í Skagafirði.

Stefán segir að Haraldur hafi unnið í banka.
Eitt sinn hafi hann lent á fyllirí og gefið út ávísanir lítið
eitt umfram inneign. Þegar hann kom í bankann næsta dag, segir
annar starfsmaður við hann: Þetta var ljótt með tékkana, Halli minn.
Haraldi snarbrá, átti ekki von á að tékkarnir hefðu enn komið til
innlausnar. En maðurinn var að tala um innrás Rússa í Tékkóslóvakíu!

Erlingur frændi kunnir þessa:

Augun komast hæst að hné
hærra er margs að vona
En hvernig heldurðu að kýrin sé
ef kálfarnir eru svona?

(Egill Jónasson)

Ekki kosta minna mátti
málabrásið þar
Þjófurinn kærði þann sem átti
það sem stolið var.

(Jón á Akri)

Grímur kunnir þetta:

Káinn var á ferð í dimmu og hnaut niður fyrir moldarbarð:

Ljosið er dáðið og landið er svart
í loftinu er ekkert að hang'á
Mér finnst það í rauninni helvíti hart
að hafa ekki jörð til að gang'á

Oft ég drekk hjá vinum vín
Vel ég Bakkus þekki
Þá bið ég guð að gæta mín
Hann gerir það bara ekki.

(Bjarni frá Gröf)

Lífið er ungum sem óskrifað blað
aðgættu vel hvað þú skráir á það
Orðin sem gleðja eru auðæfum betri
þau ylja um hjarta á kólnandi vetri

(Þ.S. Ort á jólum 2001)

Yesteryear upon the stair,
I met a man who wasn't there.
He wasn't there again today.
I wish he hadn't gone away

(James Thurber)

Grímur kunnir þessa vísu eftir
Pál Erlingsson, bróður Þorsteins Erlingssonar.
Hún er ort til Dags Brynjólfssonar, fóstursonar Páls,
sem sat yfir kindum:

Dyggðum búinn Dagur minn
drenginn nú ég glaðan finn
Er harðsnúinn sérhvert sinn
sauða-trúi hirðirinn.

Þessa segir Grímur vera eftir Jóhannes úr Kötlum:

Yndisleg er Esther
einkum þá hún sest er.
Fallegt á henni flest er
framhliðin þó best er

Jónas Hallgrímsson orti:

Ég er kominn upp á það,
allra þakka verðast,
að sitja kyrr í sama stað,
og samt að vera að ferðast.

Guðmundur Kristjánsson á Rannsóknarstofu Háskólans, sagði að Tómas
Guðmundsson hefði breytt vísunni svona:

Ungt var fljóð og fyrst í stað,
feimið að láta serðast,
en ég er kominn upp á það
allra þakka verðast.

Þarna á Tómas fyrri partinn en Jónas seinni
partinn, sagði Guðmundur.

Grímur segir þetta vera eftir Jóh. úr Kötlum:

Ef mitt rénar andlegt slen
óðar spen ég fólkið kven
mína ben þá mýkir pen

Magdalena Thoroddsen

Hrólfskviða. (Ég orti þetta til Rolfs Karlberg,
sænsks samstúdents í St. Andrews, í mars 1955.
Rolf var meinilla við Þjóðverja. Fífusveit = Fife)

Hrólfur kappi er heljarstór,
við hurðarlása ber.
Ekki er hann mittismjór,
en mátulega sver.

Svíakóngur sendir þann
sem hann bestan veit.
Engan væskil hefur hann
hér í Fífusveit.

Í víkingu hann sigldi um sæ,
í svaðilförum stóð.
Veiðibjöllum veitti hann hræ
og valköstunum hlóð.

Við blámennina barðist hann
og bitru sverði hjó,
og heldur ekki af hólmi rann
í heitum Miðgarðssjó

Sumir hafa sagt við mig,
þeir sæju á ferðum hans
hve glögglega hann gengi á svig
í greipar Þýskalands.

Með Adolf barðist okkar vin
allt til Stalingrad.
Bería og Búlganin
báðir vissu um það.

Hér er lítt af hraustmennum
ef Hrólfur tæki á rás.
Churchill gamli situr um
að setja hann undir lás

Vaki allir vaskir menn,
voði ber á dyr.
Af hafi kemur Hrólfur senn,
hann fær alltaf byr.

Syngur hátt í reiða og rá,
riðar færleikur.
Hrólfur liggur aftur á,

ærið sjóveikur.

Til Þorgerðar með bókgjöf :

Þráttu ára þrotlaust strit
við þrautleiðinleg línurit
og eftirlit með segulsviði
sem sífellt þarf að vera á iði
og morgun-tegerð, stjan og stúss
og staut við bókhald innanhúss...
Nú er brýnt að breyta til!
Hér býðst þér himins sjónarspil
í myndafjöld og fróðleiksmáli
fjarri öllu jarðartáli.
Bókinni fylgir þakkar þel
þiggðu hana og njóttu vel.

Ólína (Jónasdóttir?) orti:
Sumir segja Þura í Garði:

Þitt hef ég lesið Kiljan, kver
um kvæðin lítt ég hirði
en eyðurnar ég þakka þér
þær eru nokkurs virði

Nóbelsverðlaun Halldór hlýtur
heiður bæði og krónur margar
Loksins var það lús og skítur
sem landinu varð helst til bjargar

(Helgi Konráðsson? Fleiri útgáfur eru til af vísunni):

Það er sem um huga minn hrökklist skran
er hugsa ég allt sem ég veit og man
um tunnur og gamalt gyrði.
Mér er sem ég sjái þau þarfapíng
þau sveima þar eins og mýs í kring
um Kolbein í Kollafirði

(Þorsteinn Erlingsson)

Jói frændi kunni þessa:

Bakkus hefur mörgum mætum
manni komið ofan í svaðið
og af hreinum heimasætum
hefur hann rifið titilblaðið

(Höf. ókunnur)

Gunnlaugur kom með þetta frá
Inga Steinari, skólastjóra Brekkubæjarskóla.
Ort til Bjarna Þórs sem hafði verið lasinn
og þurft að taka mikið af sterum:

Gæta vel að þessu þarft
Það er vont að missa sitt
Þó steranotkun stæli margt
þá styttist sumt og minnkar hitt.

The Selkirk Grace:
Some hae meat and canna eat,
And some wad eat that want it
But we hae meat and we can eat
And sae the Lord be thankit

(Robert Burns)

Nóttin herjar, nær og fjær,
nestið ber ég glaður:
innan skerja ákaft rær
uppheims ferjumaður.

Nóttin blandar neyð og grand,
nálykt andar blærinn;
beislar fjandinn bleikan gand
bak við landamærin.

(Guðmundur Sigurðsson frá Skildinganesi)

Kvæðabréf frá mér til Jóa frænda, frá St. Andrews:

Kæri vinur, komdu sæll
hvernig er heilsan núna?
Sjálfum finnst mér hönd og hæll
heldur farin að lúna.

Uppi í risi austan til
á ég mína stíu
Hygg ég þrepin hér um bil
179

Þó er ekki þetta verst
þá er fæðið verra.
Færirðu með það fyrir hest,
fengi hann af því hnerra.

Súpan, kálið, salt og rammt;
að smjöri þarf að leita.
Meðan þú færð þinn matarskammt
máttu þó góður heita.

Þú ef skrimtir þetta af
þinn er magi góður
Óhætt mun þá út á haf
í ennþá lengri róður.

Annað er hér ekki að sjá
úti er foraðsveður.
Það líta samt aldrei á
okkar lærifeður.

Upp í skóla ár og síð
eins í kulda og regni
er á hlaupum alla tíð
eftir fremsta megni.

Þú afsakar, ég breyti bragarhætti
það borgar sig að skipta í annan gír.
Ég læt á beygjum ljáinn vera í slætti
og lofa guð ef hann fer ekki í vír.

Það er svona þegar á að heyja,
þá er ekki hægt að slóra meir.
En ég er reyndar tímann bara að teygja
- hann tognar mikið núna segja þeir.

Af mínum högum margt er til að segja.
Ég man samt ósköp fátt í þetta sinn.
Hollast væri þess vegna að þegja
en það á ekki við hann frænda þinn.

Ég hef nú setið hálfan annan tíma
og hamrað saman bréfkornið til þín,
og barist við að binda það og ríma
svo blautur sviti á hverju hári skín.

Í stuttu máli, allt er enn í lagi
og óttalaust um líf hans frænda þíns.
Seinna færðu bréf af betra tagi
sem boðlegt væri sjónum afa míns.

Þetta er bara von en engin vissa
og vertu ekki að stóla neitt á það.
Ég vona að þú sért heldur ekkert hissa

að hafa fengið svona skrítið blað.

Núna skaltu bréfi þessu brenna
ei borgar sig að fara að geyma það.
Sá dagur kynni reyndar seinna að renna
að raun mér yrði að lesa þetta blað.

Ég bið þig síðan vinur vel að lifa
og verði gæfan æ á þinni braut.
Og ef þú seinna skyldir nenna að skrifa
það skemmtir mér og léttir hugarþraut.

Frá Erlingi:

Veðurstofuvísur

Tökin herðir tíðarfar
Theresía spáir byl
Hver sem titlings verður var
veiti honum skjól og yl

Að veðurspám vinna þau bæði
veðrið er rigning með hægð
Á honum er háþrýstisvæði
en hún er með djúpa lægð.

(Theresía Guðmundsson var veðurstofustjóri)

Kjarval orti eftirfarandi um þann atburð
þegar tundurdufl grandaði skipi:

Ein allsherjar bomba í gemlingsins gátt
í grallaraleysisins flæðandi nátt
í heysigemlingsins hráslagavind
hrekst hún um náhöfin, skynlaus og blind.

Í algleymi skelfulan skrönglast um nátt
skelmórin starir með glórunum hátt.
Eitt áralegt brak, eitt boldangsins slum,
og burt hverfur gleðin af skelfulurum.

(Skelfula=skip, skelmóri=skipstjóri, skelfularar=hásetar)

Kjarval orti þetta um ílát sem hann sá í hillu:

Api í aska, yndisbumb
öskju-bumbu-taska
Inda vinda, kimbiskrumb

kaffi-trumbu-flaska

Skrambans ári skríttinn fugl
skjófill, pófill, eyfill

Kjarval breytti þessu síðar:

Grefils ári grúskinn fugl
gjófill, pófill, eyfill

Um mynd af Ásgeiri Ásgeirssyni, Jóni á Akri og Jónasi frá Hriflu

Móðir mín, sem þá vann á skrifstofu Alþingis, sagði að umrædd mynd hefði verið í blaði frá SÍBS sem legið hafi frammi í Alþingi og verið orðið velkt.

Einn daginn hafði miði með þessari vísu verið lagður þar hjá:

Þeir vaka allir yfir þjóðarhnossi
eins og hæfir landins bestu sonum
Jón á Akri, ímynd Krists á krossi
en hvor er iðrandi af ræningjunum?

Aldrei var upplýst hver höfundurinn væri.

Kolbrún Halldórsdóttir þingmaður hafði mælt mjög ákveðið gegn nektardansstöðum. Dagblaðið sagði þá frá því að altalað væri á Alþingi að Kolbrún hefði leyft Rúnari Gunnarssyni að taka nektarmyndir af sér, sem hann síðan birti í bók. Í viðtali sagði Kolbrún að þetta væri ekki klám heldur listræn mynd, tekin í tjörguðu timburhúsi niðri í bæ. Þá orti Jón Kristjánsson þingmaður:

Í tjörguðu timburhúsi
titrandi og vinstri græn
norpaði Kolbrún nakin
nett og umhverfisvæn

Þetta var ort í stíl Steins Steinars, sem forðum kvað:

Í tvílyftu timburhúsi
býr trúuð kona með sjal
og mér er að sjálfsögðu sama
um svoleiðis kvennaval

Og mér er að sjálfsögðu sama
hvert sálin að lokum fer
Í tvílyftu timburhúsi
má trúa hverju sem er

Guðjón í Hruna bað mig um að svara fyrir sig ljóðabréfi sem Bjarni í Hörgsholti hafði sent honum, þar sem hann falaðist eftir heyvagni og hestum, en Guðjón átti hvorugt. Jói frændi segir að ég hafi samið bréf fyrir Guðjón, sennilega fimm vísur og hafi Bjarni mikið spurt hvort Guðjón hefði sjálfur ort, en Guðjón svaraði engu. En Bjarni sendi honum aldrei ljóðabréf upp frá því.

Ég er sjálfur búinn að gleyma vísunum.
Byrjunin var svona, segir Jói:

Blessaður komdu Bjarni minn
bágt er nú að heyra
Hefurðu engan heyvagninn
hvað þá heldur meira

Ekki kann ég á því bót
Eins og sakir standa
.....?
Engan hef ég heyvagninn
og hrossin búinn að skera

Heldur var á heiðum kátt
er hafði ég þá flesta
En nú á ég víst næsta fátt
nýtilegra hesta

Frá Grími:

Heimsins brestur hjálparlið
hugur skerst af ergi
Þegar mest ég þurfti við
þá voru flestir hvergi

(Friðrik Jónsson bóndi að Helgastöðum í Reykjadal)

Eina þá sem aldrei frýs
úti á heljarvegi
kringda römmum álnarís
á sér vök hinn feigi

(Indriði Þorkelsson, Fjalli)

Kleppsreiðarkvæðið fræga, undirritað "Z", sem birtist í Speglinum og finna má á vefnum undir "Kleppsförin", fjallaði um "Stóru bombuna" eins og málið var kallað.

Höfundur var Sigurður Ívarsson á Stokkseyri.
Jói frændi segir hann hafa hætt námi í 4. bekk menntaskóla,
líklega út af drykkjuskap.
Ég lærði kvæðið af Jóa, sem lærði það af Kjartani Skúlasyni sem var
vinnumaður í Núpstúni um tíma. Ég tel þetta eitt besta kvæði sem ég þekki.
Vinur minn Bjarni Helgason var ekki jafn hrifinn, enda fjallar kvæðið
um föður hans, Helga Tómasson yfirlækni.

Jónas vaknar af blíðum blundi
brjálaður virtist ekki þar.
Í bælinu lengur ei hann undi (í Speglinum: ekki undi)
ók sér og fór í brækurnar
í landhelgisbílinn brátt var náð
brunað svo upp í stjórnarráð

Daníel þar sem dyrnar passar
dyrnar opnaði fljótt og vel
Jónasar gjörðust glyrnur hvassar
hann skaut þeim skáhallt á Daníel:
Til setu ei boðið sýnist oss.
Sæk, Daníel, vort besta hross.

Inn að Kleppi er óravegur
andskotastu því fljótt af stað.
Ríddu eins hart og hrossið dregur.
Helga réttirðu þetta blað.
Flýttu þér nú og farðu vel.
Þá frugtaði og spýtti Daníel.

Óþverra fylltist loftið ljótum
leðjurigning og malarél
er veifandi í bláinn báðum fótum
bykkjuna þandi Daníel.
Drótt öll á Kleppi dauðhrædd beið.
Daníel inn í húsið reið.

Helgi greip blaðið báðum mundum
blekugur varð um hendurnar.
Undirskriftirnar eru stundum
ekki meira en svo þornaðar.
Við doktora Jónas dundar vart
og Daníel getur riðið hart.

Doktorinn varð sem dreyri í framan.
Dungal var þar og studdi hann.
Nú sá hann eftir öllu saman
að hann heimsótti ráðherrann.
Húsi og stöðu flæmdur frá.
Hann flutti með eina lyfjaskrá.

Daníel svarsins drjúgur bíður.
Daníel tók í húfuna.
Daníel út um dyrnar ríður.
Daníel sló í merina.
Daníel tryggur drjúgum skro.
Daníel spýtir á við tvo.

Jónas vor húkti heima á meðan
hugsandi stinnt um brjálæðið.
Hefði einhver normal sála séð hann
sú mundi hafa komist við.
Hófasköll dundu dimm og löng
Daníel kom og spýtti og söng.

Daníel fréttu flutti sóninn
frísaði merin löðursveitt.
Jónas tvíhenti telefoninn,
við Thorlaciús hann mælti greitt:
Þú tekur við Kleppi, Tolli minn.
Tíkarbrand skaltu gefa inn.

Lyfja-fargansins fræga miðann
flutti Helgi úr brúkunum.
Nú fá menn traúðla að tala við hann
þótt tíkall hafi í lúkunum.
Hrelldan og þjáðan huga ber,
og Hriflu-réttlætið móti sér.

Að þessu skaltu önd mín hyggja,
yfirvöldunum geðjast þú.
Á hnjánnum báðum er best að liggja
og biðja um náð í sannri trú.
Hver veit nær hefjast sorgar él.
Hver veit nær söðlar Daníel.

Þá gekk einn fram ófeiminn
og ávarpaði hina
ekki fyrir flokkinn sinn
en fyrir skynsemina

(Um Gísla Jónsson þingmann, bróður Guðmundar
Kambans, þegar hann var spurður hvort hann
talaði fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins. Hann svaraði:
"Ég tala fyrir hönd skynseminnar.")

Gunnlaugur kom með þetta einhvers staðar að.
Það fjallar um hjúkrunarkonu sem fékk 8 milljónir í bætur fyrir
slys sem varð þegar hún stóð upp af stól og rak sig
á eitthvað sem hafði verið sett bak við stólinn.

Hún af öllum hjúkkum bar
Um heildarverðið enginn spyr
en innanlærisvöðvinn var
virtur á átta milljónir

Frá Grími:

Lárus Salómonsson kvað:

Hælatinda húsdýrin
hafa ómyndarbúning
þeirra yndis yfirskin
er með grindarsnúning

Vísunni var breytt nokkuð og
send Skagfirðingi einum til
Frakklands:

Stóli tinda áður und
iðkaði kinda rúning;
fer nú blind- með franskri hrund
fullur í grindar snúning.

Sólin gyllir haf og hauður
heldur svona myndarlega
Ekki er drottinn alveg dauður
og ekkert ferst honum kindarlega

(Þorleifur Jónsson á Skinnastað)

Oft við harðan hófadans
hlaut ég sár og fleiður
höfuðkostur hestamanns
er harður rass og breiður

(Sigurður Guðm. frá Kirkjubóli)

Úti á hjarni flokkur frýs
fána sviptur rauðum
Ólafur Ragnar Grímsson grís
gekk af honum dauðum.

(Böðvar Guðm. frá Kirkjubóli)

Hól um dáíð héraðslið
hamast sá að skrifa
sem var ávallt illa við

alla þá sem lifa

Hér er friður, hér er skjól
Hér er griðastaður
Hér er mikið höfuðból
Hér er riðið, maður

(Sigurður Norland)

Ellina ég illa ber
alltaf harðnar glíman
Það væri alveg eftir mér
að andast fyrir tímann

(Bjarni frá Gröf)

Stærðfræðingurinn

Með hringfara stika ég himinsins ómælisvíddir
og hnita sporbauga, kvaðrata, trapisu og hringi.
Kunnugt er mér að x er óþekkta stærðin
og armarnir jafnir á rétthyrndum þríhyrningi.

Með þríliðuaðferð ég öðlaðist margs konar visku,
og æðri stærðfræði, er margan á prófum felldi.
Þá er mér ljóst, að blíða og kærleikur kvenna
er kvaðratróttin af hatrinu í öðru veldi.

Trigonometrí ég tel ekki lengur til fræða,
né tangenta, raddíus, logarithma eða sínus.
Þó hefur mig lengi langað til þess að vita,
hvort lífið og tilveran eru plús eða mínus.

(Karl Ísfeld)

Úr fórum Erlings frænda:

Kaldur vetur mæðir mig
mold og keldur frjósa
Betra væri að bæla sig
við brjóstin á þér, Rósa.

Lengi hefur þú gengið með lausa skrófu
það leiðist mér.
Heilinn er eins og hundaskítur á þúfu
í höfði þér.

Ellin fáum gefur grið
- getulaus, því miður

Allt sem beindist upp á við
er nú bogið niður.

Grímur segir Sigurð Eggerz hafa ort þetta:

Før i hver kvinde jeg så en engel
og i hver engel jeg så en kvinde.
Nu i hver kvinde jeg ser en kvinde
men engelen kan jeg ikke finde.

Grímur segir að Hjörtur Hjálmarsson á Flateyri hafi kveðið þetta
um tvo smíði er þóttu flýta sér hægt:

Týndur fannst en fundinn hvarf,
að fundnum týndur leita þarf.
Týnist sá, en fundinn fer
að finna þann sem týndur er.

Tílefni vísunnar var á þá leið, að tveir menn voru ráðnir
til vinnu við Sólbakka í Öfundarfirði utan við Flateyri. Þóttu þeir
ekki miklir verkmennt. Einn morguninn mætir aðeins annar til
vinnunnar. Þegar hann fer að lengja eftir félaganum sínum, leggur hann
af stað í bæinn til að leita hans. En þeir farast þá á mis og
leitinn heldur áfram.

Ég hugsaði fyrir heila þjóð
uns hárin tóku að visna og falla
Ennþá brennur andans glóð
undir þessum bera skalla.

(Ásgeir Jónsson)

Bjarni frá Gröf orti um Kristmann Guðmundsson:

Óðum skáldsins vandi vex
en verra er það fyrir konugreyin
ef þær koma allar sex
upp í til hans hinum megin

Leggur reykin beint upp bæja
blæ ég finn ei nokkurn anda
en í sjónum gegnumglæja
gömul fjöll á höfði standa

(Grímur Thomsen)

Baldur Jónsson prófessor:

Illu gekk að koma Samfylkingunni saman á sínum tíma. Meðal krata,

kvenna og kommúnista var hver höndin upp á móti annarri, en samt þóttust allir vilja vinna saman. Um þetta var ort:

Sveimaði lengi saman skroppin
á sundurlyndisheiðinni
Samfylkingin komst á koppinn,
og kúkurinn er á leiðinni.

(Ásgeir Jón Jóhannsson)

Sumarið 2003 var mikil hátíð í Reykjavík til dýrðar hommum og lesbíum, og á þeim sömu misserum var talað og skrifað í upphafningu til stuðnings öryrkjum og ýmiss konar bágindafólki. Þá var þetta ort:

Heldurðu ekki að heims um ból
minn hagur yrði bjartur
væri ég hommi í hjólastól
heyrnarlaus og svartur?

Úr bréfi ömmu minnar, Guðrúnar Erlings, til Soffíu Guðlaugsdóttur 1927:

Þér vildi ég gera lífið létt
og líða með þér él og skúr
og hjá þér rækta blómsturblett
með blóði mínu hjarta úr
og hverja þraut og hugarangur lina
að hinstu stundu, tryggja, góða vina

Jón Thor Haraldsson mun hafa ort eftirfarandi um
Guðmund Danielsson og Thor Vilhjálmsson í Moskvuferð
Jói frændi segist hafa seinni útgáfuna eftir syni Jóns,
og þá um Gunnar Benediktsson:

Á Guðmundi virtust þeir vita skil
vildi Thor þó ólmur rægj'ann
en þeir vissu ekki að Thor var til
og trúðu því ekki þó þeir sæ'ann

Glögg þeir kunnu á Gunnari skil
þótt gjafir og mútufé aldrei þæg'ann
en vissu ekki að Thor var til
og trúðu því ekki þó að þeir sæ'ann

Jói frændi segir að Sigurður Norland hafi ort þessa um ráðskonu sína,
en hann hafði margar, og stóðu flestar stutt við:

Ein er mærin munaðsblið
mér svo kær að neðan
henni ærið oft ég rið

annars færi hún héðan

Ef allt þetta fólk fær í gullsölum himnanna gist
sem gerir sér mat úr að nugga sér utan í Krist
þá hlýtur að vakna sú spurning hvort mikils sé misst
þótt maður að síðustu lendi í annarri vist.

(Jón Helgason)

Íslendingar Davíð dá,
dádíir mannsins prísa.
Þetta er eins og allir sjá
öfugmælavísa

(Jakob á Varmalæk)

Frá Grími :
Mærin keypti meðalið
sem magnar fegurð líkamans
Hún var að reyna að hressa við
hrákasmiði skaparans.

(Ísleifur Gíslason frá Sauðárkróki)

Hann orti einnig:

Aksturinn er eintómt spól
olían af versta tagi
Engar bremsur, ónýt hjól
og allt í þessu fína lagi

Detta úr lofti dropar stórir
dauft er nú í sveitinni
Tvisvar sinnum tveir eru fjórir
Taktu í hornið á geitinni

Grímur segist hafa lært aðra hendinguna svona: dignar um í sveitinni.

Eftir Ísleif er líka þessi vísa:

Menntun þráði og meiri arð
mörg eru ráð að henda
Loksins þráða-liljan varð
lærð í báða enda.

Sigurður Gústafsson segir að Sveinn frá Elivogum
hefði ort þessa vísu en aldrei þorað að birta hana.
Jón úr Vör hefði loks gert það:

Fátækt mér á lífsins leið
lystisemdir bannar
Hef þó fengið reið og reið
rétt eins og hver annar

Jói frændi sagði svo frá, að Lúðvík nokkur Kemp
hafi ort eftirfarandi vísu til að stríða rakara sem hét Laxdal.
Kemp mun hafa verið hallur undir nasisma en Laxdal verið kommúnisti:

Sveiflað er fánum og sungið er lag
sefur nú enginn sem frjáls verður talinn
Blindfullir eru þeir báðir í dag
bartskeri Laxdal og félagi Stalín.

Laxdal fékk einhvern til að yrkja á móti:

Hitler er dauður og horfinn sem pest
Himmler þeir urðuðu niður í gjótum
Kvisling þeir hengdu eins og kött fyrir rest
en Kemp liggur blindfullur norður í Fljótum.

Jói segir enn fremur að séra Lárus á Miklabæ hafi ýmislegt af sér
gert, en þó tók steininn úr þegar hann átti barn með mágkonu sinni.
Þá hafi verið ort:

Þér líkar víst ekki Lárus minn
ljóðagerðin í þetta sinn
því sár er sannleikans broddur
Margt hefur skeð á Miklabæ
Minningin lifir sí og æ
Þú ættir að hverfa eins og Oddur

Grímur hefur þessa eftir Sveini Hannessyni frá Elivogum:

Eg úr læðing leyst hef snák
látið fæðast næturgaman
smíðað bæði stelpu og strák
stöku og kvæði bundið saman

Grímur hefur þetta eftir Sir William Craigie:

Meðan stríð og styrjöld hörð
steypa þjóðum Týs í glímur
langt frá Ísa-ljósri jörð
lesið hef ég Ingólfsrímur

Frá Grími:

Eignað (ranglega) Þorsteini Erlingssyni í vísnaþók Sigurðar Jónssonar frá Haukagili:

Rangárvalla vondu fól
vítiskarlinn taki
Þorir varla að sýna sól
sig að fjallabaki

Inga í Núpstúni segist þekkja vísuna svona,
en veit ekki hvort hún er eftir Þ.E.:

Girnast allar elfur skjól
undir mjallar þaki
Þorir varla að sýna sól
sig að fjallabaki

Í bók Bjarna frá Hofteigi. bls. 17. er vísan svona eftir Þorstein, úr Sunnanfara 1914:

Rangárvalla vondu fól
vítiskallinn taki
dreymir valla dag né sól
draug að fjallabaki

Þarna hefur því tveimur vísnum verið ruglað saman. Um höfund vísunnar "Girnast..." veit ég ekki.

Í æsku var margt á annan hátt
og allir á nýju kjólunum.
Í musturum álfa og manna kátt
og messað á öllum stólunum.
Þótt nú sé af englum orðið fátt
og álfarnir burt úr hólunum,
þá gleður það enn að gefa smátt
að gamni sínu á jólnunum

(Þorsteinn Erlingsson., vísa birt í Mbl. að sögn Aðalgeirs á Mánárþakka)

Einar Andrésón í Bólu orti þessa:
(Vísan mun oft ranglega kennd Hjálþari frá Bólu)

Auðs þótt beinan akir veg
ævin treinist meðan,
þú flytur á einum eins og ég
allra seinast héðan

Í vísnaþafni Skagfirðinga segir að Einar hafi farið einhesta að sækja sér björg í bú, en mætt sveitunga sínum með klyfjaða lest. "Þú flytur þá á einum, karltetrið", sagði sveitunginn. Einar svaraði með vísunni.

Leiðast tekur himinn og hauður
hagur bágur alla daga
andvana frá auð burt vendi
undarlegt er stríð lífsstunda.

(Páll Vídalín, d. 1727)

Eitt sinn þegar ég bjó í London, kom síðasta hendingin
upp í huga mér þegar ég vaknaði að morgni. Velti ég því
mjög fyrir mér hvaðan hún væri komin. Seinna um daginn
kom blaðabunki að heiman. Í einu blaðinu var vísan öll,
og höfundar getið. Svona getur tilviljunin verið.

Forlög koma ofan að
örlög kringum sveima
álögin úr ýmsum stað
en ólög fæðast heima

(Páll Vídalín)

Lífið fátt mér ljær í hag
lúinn þrátt ég glími
Koma mátt um miðjan dag
mikli háttatími

(Gísli Ólafsson frá Eiríksstöðum í Svartárdal)

Högur betur, hart er flet
hér ég set óglaður,
fyrir sveta ei sofið get
svona er hetinn maður.

(Hugur bitur, hart er flet
hér ég sit óglaður
Fyrir svita ei sofið get
svona er hitinn maður).

(Eftir Sigurð Pálsson, segir Grímur)

Ekki kemur Oliver
Oliver, ó ég fer
Oliver, ég er farinn
á barinn.

Viggó H.V. Jónsson, um Oliver Stein. Skildi þessa vísu eftir
á stað þar sem þeir höfðu mælt sér mót.

Önnur útgáfa:
Ekki kemur Oliver
á ég að fara á barinn?
á ég að fara, æ ég fer
Oliver, ég er farinn

Sitja um hauður sorgarvörð
sólar rauðu glóðir
þegar auð er orðin jörð
eftir dauðar þjóðir

(Páll Erlingsson. Jón Pálsson sagði mér).

Hækkar á lofti heilög sól
og hrekur myrkrið burtu
Farðu í meðferð fyrir jól
og flýttu þér svo í sturtu

(Jóhann Már Guðmundsson)

Illt er hlutverk örlaganna
að atómskáld með vélabrá
og höfuðsmiður hortittanna
heita skuli Matthías

(Helgi Hjörvar. Jói hafði þetta eftir
Jóni Sigurðssyni á Bifröst, fyrrum ráðherra)

Bíður eftir Benedikt
blundar lítt um nætur
Allt er hverfult, ekkert tryggt
engar sárabætur

(Faðir minn orti þessa í maí 1946, um Kristínu Sveinsdóttur
sem var í vist hjá okkur og Benedikt Jónsson sem leigði hjá okkur)

Í bréfi frá mér til mömmu eftir lestur Þyrna 1957:

Ég hef lesið allt í gegn
enga þyrna fundið.
Hér er sólskin, hér er regn
höfuðstöfum bundið.

Bjart er með höfðingjum, eldur á arni
öreiginn starir í glæðurnar
Gull ber hinn vígdjarfi og veðurbarni
en vesöldin hímur við skræðurnar.

Jafnar er mönnunum vitið veitt:
viskan hefur hjá flestum sneytt.

Ef þú heyrir eitthvert raus
eða skrítið blaður:
Kominn er Ragnar, kvenmannslaus
kaldur og örvinglaður

Þ.S. (Ort í Dundee um Ragnar Ingimarsson vin minn og skólaborður)

Úr vísnaþréfi Binna frænda til mín 1955:

...
Svo eru hér hræður þrjár,
herra, frú og Jóhann Már
Allan skarann þekkir þú
Þetta er mesta eyndarbú

Ég er orðinn eins og skar
ekkert hugsa um stúlkurnar,
það er af sem áður var
þá átti ég flestar vinurnar.

--
Undan tánnum skef ég skít
skeggi safna, en neglur bít
Hárið nemur herðum að
hættur er ég að greiða það.

--
Lifðu sem kóngur í lukkunnar höll
lífsins og gleðinnar njóttu.
Verðmæti gæfunnar eignastu öll
og ástríki kvennanna hljóttu.

Frá Guðrúnu ömmu í bréfi til mín 1956:

Lífið geymir ljósar nætur
ljúfa drauma og raunabætur
því er hægt að þreyja vetur
þola lífsins kalda dóm
þegar falla fegurst blóm

Í bréfi Guðrúnar ömmu 30.3 1957, ort í sept. 1956:

Þegar góði Þorsteinn fer
þykir mér hverfa sólin
Eina huggun er það mér
að hann kemur um jólin

Frá Margræti Jónsdóttur skáldkonu, á korti til mín:

Stúdent Þorsteinn Sæmundsson
Velkominn heim

Heilan þig af hafi ber
hamingjan þig leiðir
Fjallkonan nú fagnar þér
faðminn mót þér breiðir

Jafnan á þinn ævistig
andi sumarhlýju
Sól og stjörnur signi þig
sonur Úraníu

Um vísurnar tvær hér að neðan er sú saga, að Þorsteinn Erlingsson hafi farið með bók til bókbindara. Sá hafi fundið miða í bókinni og á miðanum var fyrri vísan. Þegar bókbindarinn skilaði bókinni hafði hann bætt seinni vísunni við. Enginn kann nú nafn á bókbindaranum.

Er nú sagður andaður
ævidaga fullsaddur
öldungurinn andskoti
óðalsbóndi í helvíti

Prestar sáran sakna hans
sem hins besta hjálparmanns
sundrung þjáir sérhvert lið
sem að vantar höfuðið

Eftirfarandi vísur eftir Þorstein Erlingsson fékk ég á blaði en veit ekki hver skráði. Aftan á blaðinu stendur: Framhald skrifað eftir minni. S.H.

Yfirskriftin er: Eftirmæli bls. 279
Þetta vísar greinilega til 3. útgáfu Þyrna þar sem stendur "Eftirmæli (brot)". Afí hefur líklega ekki verið ánægður með framhaldið. Stafsetning er mín.

Og vinurinn besti sem barðist með þér
og ber eftir þreytuna og sárin
hún þakkar nú skúrur og sólskin með sér
og samlífið, stritið og árin

Og dótturbörn þín sem að áttu þig að
og unnu sem föður og móður

með tárin á vöngunum þakka þér það
hvað þú hafðir verið þeim góður

Og foreldrar þeirra sem þakka þér allt
og þér mun ei systir þín gleyma
þó höndin sé stímuð og hjartað sé kalt
mun hún þína minningu geyma
Þau blessa þig öll, þeim var blundur þinn kær
og burt hefur andvakan flúið
og vertu nú sæll, nú er svefninn þér vær
og síðasta skammdegið búið.

Vísur sem ég hef sett saman og fann á blaði, líklega frá 1958 eða svo:

Yfir hafið skútan skríður
skipverjarnir litast um
Aðeins haf og himinn víður
hérna mætir augunum

Ríkir í skipi ró og friður?
Reyndin er víst ekki sú
því formælingar, köll og kliður
keyra um þverbak, einmitt nú

Áhöfn vill fá úr því skorið
hver á að stjórna fleytunni
Atkvæði er það undir borið
í illviðrinu og bleytunni.....

Ort á ferð með foreldrum mínum í Atlavík 1957:

Nú ríkir logn við Lagarfljótið bjarta
og laufabrauðin syngja á hverri grein
og norðurljósinn loga í skáldsins hjarta
- það liggur skóhlíf bak við þennan stein.

Bjarni Bjarnason klæðskeri mun hafa gefið mér bókina Gengið á reka eftir
Kristján Eldjárn þegar ég fermdist og látið þessa vísu fylgja:

Þeir gengu á reka um gjörvallan heim
og gott er þær sögur að heyra
Hann Kristján hér segir nú sumar af þeim
svo vel að mann langar í meira.

Grímur sagði mér þessar eftir Sveini frá Elivogum:

Það endar verst sem byrjar best
og bundið er mestum vonum.
Svo er um prest og svikinn hest

og sannast á flestum konum.

Lífs mér óar ölduskrið
er það nógur vandi:
Þurfa að róa og þreyta við
þorska á sjó og landi.

Augum glaður lífið lít
leystur þrældóms böndum
Tólf mánaða skal nú skít
skola af snjaldri og höndum

Aldrei þrotnar ástin hjá
yfirskotnum muna.
Hann með lotning horfir á
hjartadrottninguna.

Yfir kaldan eyðisand
einn um nótt ég sveima mikið
Nú er horfið Norðurland
og nú er ég kominn yfir strikið

(Úr bréfi frá Jóa frænda)

Gaman þótti mikið mér
en meira varð ég hissa
er meyjarnar tóku mynd af þér
meðan þú varst að þissa.

(Ég hef krotað þessa vísu á blað
sem geymir kvæði eftir Þorstein afa,
með hans rithönd).

Yxu víur ef ég hnigi
og önd mín smygi í himininn
út af því að það var lygi
að Þráinn flygi á Skarphéðin

Stafsetningarvísu, ort af Sigurkarli Stefánssyni
menntaskólakennara, notuð af Jóni Guðmundssyni.
kennara mínum í MR.
Þráinn Bertelsson segir frá þessu í Fréttablaði
26.4.08

Hugarvíl og harmur dvín
er horfi ég á frúna
Hún er eina eignin mín
sem ekki rýrnar núna

(Rifjað upp Í kreppunni. Eftir Bjarna frá Gröf)

Við skulum ekki hafa hátt
Hér er gæs að vappa
Margir hafa allt sitt átt
Innan gæsalappa

(Helgi Hálfðanarson, segir Baldur Jónsson prófessor, ásamt skýringarsögu)

Mér að græða gengur seint
það gerir alkoholið
Þó hef ég bæði ljóst og leynt
logið, svikið stolið.

(Káinn, Grímur kenndi mér)

Hérna liggur letra grér
lýðir engir sýta
Komi nú allir hrafnar hér
hans á leiði að skíta

(Epitaphium pastoris - eftirmæli um prest,
Bólu-Hjálmar orti þetta um Ásmund nokkurn prest)
Í sumum útgáfum er fyrsta orðið "Þarna".

Elsku hjartans yndið mitt
aldrei þér ég gleymi.
Þú hefur dimma daga stytt
drósín vænst í heimi

(Jón Jónsson söðli, var í Hlíðarendakoti frá 1866. Mælti fram vísuna
við Þorstein afa og bætti við: "Þetta er ekki skáldskapur, Steini minn.
Barið saman af viti. Barið saman af viti.")

Úr skólablaði MR 1952-53
Ort til Halldórs Halldórs frá Höfnum, sem oft var með ólæti
í 5. bekk, sem þá var í "Fjósínu".

Vor á meðal veit ég ljós
vitt sem fær að skína
Hér er orðið foraðs-Fjós
fyrir tilvíst þína.

Aldrei fjandans fíflaspörk
forða vanda bráðum
þar sem andans eyðimörk
öllum grandar ráðum

(Hesperos - þetta nafn setti ég undir vísurnar)

Meinleg örlög margan hrjá
mann og ræna dögum.
Sá er löngum endir á
Íslendingasögum

Þorsteinn Erl., vegna láts Sigurðar Vigfússonar

Séð hef ég köttinn syngja á bók
selinn spinna hör á rokk
skötuna elta skinn í brók
skúminn þrjóna smábarnssokk
(Sagt vera eftir Bjarna Jónsson Borgfirðingaskáld)

Í eld er best að ausa snjó
eykst hans log við þetta
Gott er að hafa gler í skó
þá gengið er í kletta.

(Eignað B.J.)

Gott er að láta salt í sár
og seila fisk með grjóti
Best er að róa einni ár
í ofsaveðri á móti

(Eignað B.J.)

Fiskurinn hefur fögur hljóð
finnst hann oft á heiðum
Ærnar renna eina slóð
eftir sjónum breiðum

(Eignað B.J.)

Lóan hefur lipra hönd
leysir marga hnúta
selur vefur sokkabönd
svínið vefur klúta

(Eignað B.J.)

Eg sá hest með orf og ljá
úti á túni vera að slá
Hátt í lofti heyrði ég þá
hund og tófu kveðast á

(Eignað B.J.)

Fljúgandi ég sauðinn sá
saltarann hjá tröllum
hesta sigla hafinu á
hoppa skip á fjöllum

(Eignað B.J.)

Séð hef ég páska setta um jól
sveinbarn fætt í elli
myrkur bjart en svarta sól
sund á hörðum velli

(Eignað B.J.)

Svona eru sumir menn
sálar- og gáfnatregir
Vegir drottins eru enn
órannsakanlegir

(Gunnlaugur, afi Gunnlaugs Björnsonar orti)

Eru í Drangey margir fótafúnir
og farinn af þeim allur glans og kraftur
En Össur sást þar sendast upp á brúnir
frá syllunni þar sem Blöndal sneri aftur.

(Sr. Hjálmar Jónsson orti um þingmannaferð í Drangey)

Frá Gunnlaugi:

Selfyssinga er sinnið heitt
sundurlyndi stöðugt vex
Í því tafli er brögðum beitt
BxG6
(Biskup drepur Gunnar sex)

(Hjálmar Freysteinsson)

Á salernið ég settist down
svall mér þrútinn kviður
Gífurlegur Gordon Brown
gekk svo af mér niður

(Erlendur Sigtryggsson)

Glingur hristir, gellur hátt
grunnt sem ristir bullustrokkur.
Kemst á lista, kann þó fátt
kommúnistadrullusokkur.

(Guðmundur Björnsson læknir, ort í tilefni af atviki
í búshaldabyltingunni)

Heilræðavísa Hallgríms Péturssonar:

Víst ávallt þeim vana halt:
vinna, lesa, iðja.
Umfram allt þó ætíð skalt
elska guð og biðja.

Flosi Ólafsson í auglýsingu:

Víst ávallt þeim vana halt:
vera hress og drekka malt.

Flosi fékk gagnrýni fyrir þetta og
breytti þá vísunni:

Víst ávallt þeim vana halt:
vinna, lesa, iðja.
Umfram allt þó ætíð skalt
elska guð og biðja - um malt.

Ég lít í anda liðna tíð
er leynt í hjarta geymi
Sú ljúfa minning, létt og hljótt
hún læðist til mín dag og nótt
svo aldrei, aldrei gleymi.

(Hallfríður Guðrún Eyjólfsdóttir (Halla))

Nú er hann Lárus fallinn frá
flaug hann burt í engils líki
Skyldi hann fá að fara á
fyllirí í himnaríki?

Sankti Pétur var í vanda
Vildi þóknast gestinum
Tók því strax að blanda handa
Blönduhlíðarprestinum

(Ort um séra Lárus á Miklabæ)

Í Vínasafni Skagfirðinga er seinni vísan höfð
eftir Stefáni Vagnssyni, Hjaltastöðum,
en dálítið öðru vísi: Brátt fór hann að blanda handa...

Fjórtán hundruð flöskutetur
fékk hann sér, og ekki léttar
Skyndilega skildi ég betur
skrýtna dóma Hæstaréttar

(Ort um vínasafn Magnúsar Thoroddsen. Höfundur ókunnur)

Orður og titlar, úrelt þing
eins og dæmin sanna
notast oft sem uppfylling
í eyður verðleikanna

(Steingrímur Thorsteinsson)

Ekki fékk ég undirtekt
á því mína skoðun byggði
að arkitekt með eftirtekt
sé afar sjaldgæft fyrirbrigði

(Egill Jónasson á Húsavík)

Ljót og ryðguð læsing er
lamir þarf að styrkja.
Sjaldan opnuð sýnist mér
Seyðisfjarðarkirkja.

(Egill á Húsavík)

Ekki er gefið, ekki brynnt
öllum hrundið búmannslögum.
Kúnum er því aðeins sinnt
að þær beiði á fimmtudögum

(Egill á Húsavík, um sjónvarpið, sem féll niður á fimmtudögum)

Í bréfi frá ömmu til mömmu 25. ágúst 1943 er þessi vísa
eftir Þorstein afa. Amma segir að hún hafi hvergi birst:

Ég vinn ekki á hlekkjum en hart er það mér
að hlíta svo rangsnúnum lögum
að sjá það hvað tíminn er tæpur með þér
og týna af þeim örfáu dögum.

Hér situr Tómas skáld með brosi á brá
bjartur og hreinn sem fyrsta morgunsárið.
Ó, vinur minn, hve sorglegt er að sjá
að sálin skuli grána fyrir en hárið.

(Steinn Steinarr)

Í minnisbók mömmu:

Greið er leið að glapstigum
gott til veiða á síðkvöldum
Hægt er að eyða aurunum
úti á breiða veginum

Í minnisbók mömmu:

Ég vaknaði í morgun viður
eitt voðalegt timburbrak.
Í dag hef ég drukkið mig niður
í dag er ég fyrirtak.

(Sigurður Ívarsson)

Á miða með barnaskrift Stefáns bróður míns:

Verður margur viðundur
víða heims um bólin
Ennþá sefur Sæmundur
Svona líða jólin.

Eftir margra ára kák
út um sveitir landsins
á endanum hef ég eignast strák
utan hjónabandsins

(Í fórum mömmu)

Þökk fyrir ljósið
þér fyrirgefið hrósið.
Kýrin bljúg og lífið ljúft
líklega er himinhvolfið kúpt.

(Kjarval)

Þúsunda ára þjóðin fína og klára.
Upp í himins blámann blítt
brosir stundum ótt og títt.

(Kjarval, líklega)

Yfir flúðir auðnu og meins
elfur lífsins streymir
Sjaldan verður ósinn eins
og uppsprettuna dreymir

(Sigurður Nordal)

Kveiktu ljós hjá leðurblöku
Láttu templar dæma um vín
Sýndu heimskum hnyttna stöku
Hentu perlum fyrir svín
Bjóddu hundi heila köku
og honum Mogga ljóðin þín

(Örn Arnarson)

Hefur margur heilann þreytt
við hugsmíð ýmiss konar.
Þó hefur enginn nálgast neitt
nefnd Jóns Pálmasonar

(Höfundur ókunnur)

Fyrr var hann fullur af kjarna
faðir allmargra barna
en nú er hann hættur að harðna
helvítis beinið að tarna

(Konráð Hjaltason eignar vísuna Hákonu Aðalsteinssyni,
en "Vísnahornið" segir höfund óþekktan.)

Ég veit ekki af hvers konar völdum
svo viknandi dapur ég er
ein saga frá umliðnum öldum
fer ei úr huga mér

(Upphaf Lorelei eftir Steingrím Thorsteinsson)

Í gamalli revíu var þetta stælt, þegar fjallað var
um Krýsuvíkurvegin:

Ég veit ekki af hverskonar völdum
sá vegur lagður er
í hlykkjum á hraunbreiðum köldum
þar hrollur um mann fer.

...

(Úr revíunni Allt í lagi lagsi.

Fjalakötturinn 1944-45)

Glitrar grund og vangur
glóir sund og drangur.
Litli ferðalangur
láttu vakna nú
þína tryggð og trú.
Lind í lautu streymir
lyng á heiði dreymir
þetta land átt þú.

Hér bjó afi og amma
eins og pabbi og mamma.
Eina ævi og skamma
eignast hver um sig.
En þú átt að muna
alla tilveruna
að þetta land á þig.

(Guðmundur Böðvarsson)

Skilið hól á herra Óli
hann í skjólum vitið ber
Heims um ból er hann á róli
hygginn sjóla kjósum vér

(Jónas Frímannsson bekkjarbróðir, um Ólaf Ragnar)

Í dag er ég ríkur – Í dag vil ég gefa
Demanta, perlur og skínandi gull.
Gakk þú í sjóðinn og sæktu þér hnefa,
Unz sál þín er mettuð og barmafull.
Það er ókeypis allt,
Og með ánægju falt –
Og ekkert að þakka, því gullið er valt!

Í dag er ég snauður og á ekki eyri,
Ölmusumaður á beiningaferð.
Einasta vonin að himnarnir heyri,
Þótt hangi um mig tötrarnir eins og þú sérð.
Gef mér aflóga fat,
Eða fleygðu í mig mat.
Því forðastu að tylla þér þar sem ég sat?

Í dag er ég glaður - í dag vil ég syngja
Og dansa til morguns við hverja sem er.
Við flakkarann allt eins og kóng vil ég klingja
Ég kæri mig ekkert um nafnið á þér.
Þú er vinur minn víst,
Eins og veröldin snýst –

Á víxla ég skrifa nú eins og þér líst!

Í dag er ég reiður – í dag vil ég brjóta
Drepa og brenna hér allt nið'r í svörð;
Hengja og skjóta alla helvítis þrjóta.
Hræki nú skýin á sökqvandi jörð!
Farðu í heitasta hel!
Skaki hörmungaél
Hnöttinn af brautinni og þá er vel!

Í dag er ég gamall – í dag er ég þreyttur,
Drjúpi nú yfir tæmdum sjóð.
Hvar er nú skap og hnefinn steyttur?
Hvar er nú öll mín forna glóð?
Vertu sæll! Ég er sár,
Og mitt silfraða hár
Í særökum litaðist hvítt fyrir ár.

(Sigurður Sigurðsson frá Arnarholti)

Ó hve margur yrði sæll
og elska mundi landið heitt
Mætti hann vera í mánuð þræll
og moka skít fyrir ekki neitt

(Páll J. Árdal, um frumvarp um
þegnskylduvinnu 1903. Talið er að vísan
hafi drepit frumvarpið)

Frá Gunnlaugi:

Hver var það sem breytti vatni í vín?
Var það ekki Jesú Kristur sjálfur?
Lýðnum kynnti hann kraftaverkin sín.
Kannski hann hafi alltaf verið hálfur.

(Gunnlaugur Hjálmarsson, afi Gunnlaugs)

Ég byrja það oftast með ólund í dag
sem unnt er á morgun að gera
En nú hef ég ásett að yrkja um þig brag
hver árin sem það á að vera.

(Þorsteinn Erl. Til Guðmundar Magnússonar læknis)

Þeysum nú á þorrablót
og þjöppum okkur saman
Með hönd í hönd og fót við fót
finnum við lífsins gaman.

(Vísá samín fyrir þórrablót Raufarhafnarfólks 1990.
Fyrri hlutann fengu veislugestir og áttu að botna.
Guðný fékk verðlaun fyrir þennan botn. Hún segir að
ég hafi samið botninn, en ég man ekkert eftir því.)

Njóttu lengi láns og hlýju
lífsins gengi hvar sem fer
Árin fengin tvisvar tíu
tekur enginn burt frá þér

(Hjalti Friðgeirsson, tengdafaðir minn)

Vertu ljós á vegum þinna
vafin hrósi, mærin svinn.
Indæl rós sem allir hlynna
að, og kjósa í garðinn sinn.

(Hjalti Friðgeirsson)

Heim er ég kominn og halla undir flatt,
því hausinn er veikur og maginn.
Ég drakk mig svo fullan, - ég segi það satt, -
ég sá hvorki veginn né daginn.
En vitið kom aftur að morgni til mín
og mælti og stundi við þungan:
"Bölvaður dóni ertu að drekka eins og svín!
Það drafaði í gær í þér tungan.
Og gerirðu þetta, þá getur þú séð
ég get ekkert átt við þig lengur,
því sjónin og heyrnin og málið fer með
og minnið úr vistinni gengur."
Ég lofaði vitinu betrun og bót,
að bragða ekki vín þetta árið.
En svo er ég hræddur, ef margt gengur mót,
að mig fari að langa í tárið.

(Páll Ólafsson)

Undarleg er vor rulla
í þessu jarðlífi.
Ýmis er á oss drulla
ellegar harðlífi.

Steingrímur Einarsson læknir, munnleg heimild.

Ég lærði aðra útgáfu:

Mikil er vor rulla
í þessu jarðlífi.

Ef það er ekki drulla
þá er það harðlífi.

Fleiri útgáfur finnast á vefnum.

Líttu sérhvert sólarlag
sem þitt hinsta væri það
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísun að.

Bragi Valdimar Skúlason

Það var reyndar varla von
að við það yndi glaður
að vera bara Sigfússon
svona tigginn maður

(um Sigurð Bjarklind, þegar hann tók sér ættarnafn.
Höf. Halldór Þorgrímsson?)

Kristlegu kærleiksblómin spretta
í kringum hitt og þetta

(Halldór Kiljan Laxness)

Tíu ára tel ég barn
Tvítugur ungdómshjarn
Þrítugur þroskahraður
Fertugur fullþroskaður
Fimmtugur í stað stendur
Sextugur elli kenndur
Sjötugur hæriskhraður
Áttæður gamall maður
Níuæður niðja háð
Tíuæður grafarsáð

(Þjóðvísa)

Lífið hefur mér löngum kennt
að líða, þrá og missa.
Koppurinn minn er kominn í tvennt
Hvar á ég nú að pissa?

(Steingrímur Arason)

Mælist varla meir en spönn
mittið afar netta.
Þú ert orðin alltof grönn.
Á ég að laga þetta?

(Sveinbjörn Beinteinsson á Draghálsi)

Það er ekki þys né ys
þröng né fjölmennt erfi,
þó að lítið, fölnað fis
fjúki burt og hverfi.

(Við útför einstæðings. Ólína Jónasdóttir)

Mér hefur lífið mörgu rænt
ef minnst er fornra stunda.
En alltaf get ég að mér hænt
ástir katta og hunda.

(Ólína Jónasdóttir)

Táli pretta örgu ann
aldrei sóma stundar
máli réttu hallar hann
hvergi dóma grundar.

Grundar dóma hvergi hann
hallar réttu máli
stundar sóma aldrei ann
örgu pretta táli.

(Séra Jón Þorgilsson á Hjaltabakka)

You load sixteen tons and what do you get?
Another day older and deeper in debt
St. Peter, don't you call me because I can't go
I owe my soul to the company store.

(Sungið af Tennessee Ford 1955. Höf. Merle Robert Davis)

Lækurinn klifar á klettinum
kúrir þar lóarétt hjáhonum.
Það er talsvert af tónlist í kettinum
ef troðið er áskottinu áhonum.

(Stefán Þorláksson hafði þetta eftir Arnóri Sigurjónssyni þingmanni.
Sagði að hann hefði verið að henda gaman að kveðskap Jóns Pálmasonar
á Akri, sem þótti mjög prýddur hortittum. Orðum slegið saman hér að ofan til að
ná hrynjandinni í frásögn Stefáns)

Þeir Vestmenn eiga gnótt ýmissra gagna
þar glóa vötnin bæði stór og mörg
En sveitin átt ei því láni að fagna
að eiga pytt sem rúmað gæti Hörg

(Stefán Þorláksson sagði að Mývetningur hefði ort vísuna.
Tilfnið var að barnmargur maður í Mývatnssveit, Jón Hörgur að nafni, hafði sagt sig til sveitar.
Sveitungar ákváðu að kosta undir hann far til Ameríku og losna þannig við
hann sem sveitarómaga. En þegar til Ameríku kom tók Jón upp á því að drekkja sér.)

Hrotið er þungt í hverri kró
hrökkur upp stöku maður þó
púar á loðinn ljóra.
Hvergi greinir skýjaskil
skelfing er af myrkri til
Skyldi tunglið tóra?
Það er fyrir fjúki að dreyma hann Móra.

(Þ. Erl.)

Séra Emil giftir og grefur
glatt er í himnaranninum
Eru á ferli úlfur og refur
í einum og sama mannum

(Stefán Jónsson fréttamaður)
